


Alþingi
Erindi nr. P 131/620
komudagur 15.12.2004



Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tryggn lágmarkslífeyri
á 131. löggjafarþingi 2004-2005
Þskj. 8 – 8. mál

Ekki eru gerðar athugasemdir við inntak ályktunarinnar. Hins vegar mætti bæta orðalag til að gera skýrari markmið og mikilvægi tillögunnar. Tillögur að breytingu á orðalagi eru hér með.

Fyrsta málsgrein er nokkuð löng og erfið til yfirlstrar – tillaga að breyta henni í eftirfarandi:

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagstöðu lífeyrissþega sem fá minni lífeyri er kr. 50.000.- greiddan úr lífeyrissjóði sínum. Það skal gert með því að breyta bótareglum almannatrygginga.....


Til að skýrt sé hvað tillagan gerir ráð fyrir að gert verði er eftirfarandi tillaga gerð að breytingu á fyrstu málsgrein greinargerðarinnar.


Tillagan gerir ráð fyrir því að

- fyrir hverjar kr. 10.000.-sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram kr. 50.000.- verðir skerðing 1/5 þess sem nú er.*
- fyrir hverjar kr. 10.000.- sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram kr. 60.000.- verðir skerðing 2/5 þess sem nú er.*
- fyrir hverjar kr. 10.000.-sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram kr. 70.000.- verðir skerðing 3/5 þess sem nú er.*
- fyrir hverjar kr. 10.000.-sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram kr. 80.000.- verðir skerðing 4/5 þess sem nú er.*

Reykjavík, 08. desember 2004

Fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa


Birna Sigurðardóttir félagsráðgjafi


Helga Sigurjónsdóttir félagsráðgjafi.